

Kennari	Anna Sigrún Rafnsdóttir	Sk.st.	ASF
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bókleg og verkleg. Farið er í mismunandi gerðir blæðinga, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálpar við bruna. Höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liða- og vöðvaáverka. Farið er yfir mikilvægi þess að búa til stuðning við áverka á liða- og vöðvaáverka. Nemendur fá fræðslu um bráðasjúkdóma og meðferð við þeim. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háaska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað. Skyndihjálparappið kynnt fyrir nemendum. Vegna aðstæðna í samfélaginu (Covid19) verður eingöngu sýnikennsla á blástri í endurlífgun en ekki ætlast til þess að nemendur blási í dúkkur.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugmyndafræði skyndihjálpar
- hvernig mat á slösuðum einstaklingi á slysstað er framkvæmt
- framkvæmd endurlífgun (hjartahnoð)
- blæðingum og viðbrögðum við lostástandi
- helstu tegundum sára, umbúða og sárabinda
- helstu tegundum brunasára og skyndihjálpar vegna brunasára
- helstu áverkum á líkama
- fyrstu viðbrögðum við kali, ofkælingu og ofhitnun
- fyrstu viðbrögðum vegna bráðra sjúkdóma, eitrana, bits eða stungna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bregðast við dauðadái
- framkvæma mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- flytja slasaðan einstakling af slysstað á öruggan hátt
- framkvæma hjartahnoð
- búa um sár og velja umbúðir við hæfi
- stöðva blæðingu og búa um blæðandi sár
- beita viðeigandi meðferð við losti
- spelka útlími eftir áverka/tognanir
- veita fyrstu hjálpar vegna brunasára
- veita fyrstu hjálpar vegna kals, ofkælingar og ofhitunar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta aðstæður á slysstað og bregðast við þeim á viðeigandi hátt
- veita skyndihjálpar vegna bráðra sjúkdóma, dauðadás, slysa og/eða líkamlegra áverka

Námsgögn:

Skyndihjálpar og endurlífgun, 2012. Nemendur hafa aðgang að glærum inn á Moodle

SKYN2EÁ01

Námsáætlun haustönn 2021



Verkenntaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Kennt er þrjá daga í röð. Aðstoðarkennari kemur og kennir með í verklega hlutanum.


Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Dagur 1	Kynning á starfsemi RKÍ, farið yfir kennsluáætlun. Viðbrögð á slyssað, sálræn skyndihjálpar. Grundvallaratriði skyndihjálpar. Endurlífgun bókleg og verkleg að hluta til.		Verklegar æfingar eru fléttaðar inn í kennsluna og gerðar eru kröfur á nemendur taki þátt í þeim. Endurlífgun á dúkkum: 10%, búa um beinbrot og sár: 10%,
Dagur 2-3	Sár, brunasár, blæðingar og meðferð við þeim. Hvernig búa á um sár. Kal, ofkæling, heilsufarsvandi af völdum hita. bráð veikindi, áverkar á líkama og viðbrögð við þeim. Endurlífgun verkleg.		Skriflegt krossapróf 80%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skriflegt krossapróf	Skriflegt krossapróf	80%	
Verklegar æfingar	Verklegar æfingar eru fléttaðar inn í kennsluna og gerðar eru kröfur á nemendur taki þátt í þeim. Endurlífgun á dúkkum: 10%, búa um beinbrot og sár: 10%,	20%	

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Krossapróf með 10 spurningum er lagt fyrir í lok námskeiðsins. Nemandi þarf að ná einkunninni 5 til að ná áfanganum og mæta 100% í allar kennslustundirnar.

Dagsetning: 27.9.2021


Anna Sigrún Rafnsdóttir

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils